

From: Örlygur Hnefill Örlygsson
Sent: Friday, January 14, 2022
To: Norðurþing
Subject: Erindi: Söngkeppni framhaldsskólanna á Húsavík

Erindi til Fjölskyldunefndar og Byggðarráðs Norðurþings

Ósk um samstarf við Norðurþing vegna Söngkeppni framhaldsskólanna 2022

Örlygur Hnefill Örlygsson f.h. Söngkeppni framhaldsskólanna óskar eftir samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing um að keppnin 2022 fari fram á Húsavík. Aðstandendur keppninnar leituðu til Húsavíkur vegna vaxandi sérstöðu bæjarsins sem tónlistarbæjar.

Stefnt er að því að Söngkeppni framhaldsskólanna fari fram þann 2. apríl og er óskað eftir stuðningi við keppnina í formi þess að fá án endurgjalds afnot af Íþróttahöllinni á Húsavík undir framkvæmd keppninar og útsendingu hennar í sjónvarpi. Jafnframt er óskað aðstoðar framkvæmdasviðs Norðurþings við að koma upp festingum í loft íþróttahallarinnar vegna ljósabúnaðar.